

Nd.

549. Nefndarálit

[146. mál]

um till. til þál. um lágmarksmöskvastærð þorskaneta og bann gegn bolfiskveiðum í nótt.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent hana til umsagnar Hafrannsóknastofnunar Íslands og fleiri aðila.

Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt þannig

BREYTT:

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð, að lágmarksmöskvastærð þorska- og ýsuneta skuli frá 1. janúar 1973 eigi minni vera en sjö þumlungar á vetrarvertíð, og enn fremur, að bannaðar skuli bolfiskveiðar í nótt, enda verði eigendum þorsknóta bættar þær eftir mati.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Einn nefndarmanna, Stefán Gunnlaugsson, var fjarstaddur.

Alþingi, 13. apríl 1972.

Garðar Sigurðsson,
form.

Jón Skaftason,
fundaskr.

Guðl. Gíslason,
frsm.

Björn Pálsson,
með fyrirvara.

Karvel Pálmason.

Pétur Sigurðsson.